

BORGARRÁÐ 29. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgang Reykjavíkurborgar að forritinu Bara tala - MSS23060218

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um samning um aðgang Reykjavíkurborgar að forritinu: Bara tala. Spurt er hvort borgin hafi keypt aðgang að forritinu og ef svo er, er það komið í framkvæmd? Á fundi borgarráðs dags. 29. júní 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins til að Reykjavíkurborg kaupi aðgang að forritinu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna. Engin viðbrögð hafa komið við þessari tillögu og er óskað upplýsinga um hvenær stendur til að afgreiða hana.

Greinargerð:

Bara tala er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni. Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg kaupi aðgang að forritinu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna. Með Bara tala geta notendur spreytt sig á samtölum á íslensku. Forritið hlustar á notendur tala, æfir þá í framburði og veitir endurgjöf í rauntíma. Boðið er upp á grunnnámskeið og vinnusértækt efni í forritinu þannig að námsefnið er miðað að þörfum starfsfólks. Það þýðir að starfsmaður á leikskóla fær ekki sama námskeið og starfsmaður í sundlaug. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta mjög athyglisvert og spennandi forrit og kannski er forritið Bara tala LYKILLINN sem við svo nauðsynlega þurfum að koma til okkar nýju samborgara.